

REGLUGERÐ

um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um réttindi foreldra sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til fæðingarorlofs. Reglugerðin gildir jafnframt um réttindi foreldra utan vinnumarkaðar og í fullu námi til fæðingarstyrks.

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem annast greiðslur úr sjóðnum og greiðslu fæðingarstyrks þegar um er að ræða:

- a. fæðingu,
- b. frumættleiðingu barns yngra en átta ára,
- c. töku barns yngra en átta ára í varanlegt föstur,
- d. fösturlát eftir 18 vikna meðgöngu,
- e. andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

- a. *Starfsmaður*: Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.
- b. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: Hver sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattfyrvalda, skil á tryggingagjaldi.
- c. *Fullt nám*: 75-100% samfelld nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75-100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.
- d. *Samfelld starf*: Með samfelldu starfi er átt við a.m.k. 25% starf í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil. Enn fremur teljast til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a-d-lið 2. mgr. 13. gr. a laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

3. gr.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði.

Foreldri sem starfar á innlendum vinnumarkaði öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið í samfelldu starfi, sbr. d-lið 2. gr., í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða í varanlegt föstur. Til að finna vinnuframlag foreldris sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 2. gr., skal miða við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, skal þó miða við þann dag er foreldrið hefur fæðingarorlof að því er það varðar.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs skv. 1. mgr. til foreldris sem er starfsmaður, sbr. a-lið 2. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða samfelld tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt föstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknarir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- og slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélag, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a-e-lið 2. mgr.

13. gr. a laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við og skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en nemur þeim viðmiðunartekjum enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli þessara greiðslna og viðmiðunartekna bættan samhliða greiðslunum.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs skv. 1. mgr. til foreldris sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 2. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt föstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eins og við getur átt.

Meðaltal heildarlauna miðast við þann fjölda mánaða á umræddu viðmiðunartímabili sem foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig a-e-lið 2. mgr. 13. gr. a laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikninga á meðaltali heildarlauna.

Þrátt fyrir 2.-4. mgr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en ~~400.000~~ 600.000 kr.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25-49% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur ~~82.184~~ 132.850 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50-100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur ~~113.902~~ 184.119 kr. á mánuði.

Þegar foreldri uppfyllir skilyrði 1. mgr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. eða 3. mgr. skal foreldrið öðlast rétt til lágmarksgreiðslna skv. 7. mgr. í samræmi við starfshlutfall þess.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði sem á rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, en uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr., á rétt á fæðingarstyrk skv. 18. gr. laganna um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sbr. þó 12. mgr. 19. gr. laganna.

Ætli foreldri að haga fæðingarorlofi á þann veg að það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli, með samkomulagi við vinnuveitanda, skulu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði nema 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem svara til þess starfshlutfalls sem fæðingarorlofið telst til.

4. gr.

Starfshlutfall.

Þegar meta á starfshlutfall foreldris skv. 6. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, skal fara eftir fjölda vinnustunda foreldris á mánuði á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. 3. gr. Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr. laganna, skal þó miða við þann dag er foreldri hefur fæðingarorlof að því er það varðar. Foreldri sem hefur unnið 86-172 vinnustundir á mánuði telst vera í 50-100% starfi en foreldri sem hefur unnið 43-85 stundir á mánuði telst vera í 25-49% starfi. Þó skal jafnan taka tillit til fjölda vinnustunda sem teljast fullt starf samkvæmt kjarasamningi.

Sé foreldri ekki í sama starfshlutfalli á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. 3. gr. skal miða við meðaltal starfshlutfalls yfir tímabilið. Þó má foreldri aldrei vera í minna en 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði, sbr. d-lið 2. gr.

Starfshlutfall foreldris sem fær greiddar atvinnuleysisbætur á þeim tíma sem um ræðir miðast við það starfshlutfall sem tekið er mið af við útreikning atvinnuleysisbóta. Hið sama gildir hafi foreldri fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna annars barns, sjúkra- og slysadagpeninga, greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Þegar meta á starfshlutfall sjálfstætt starfandi foreldris skal fara eftir reglum um reiknað endurgjald fyrir tekjuárið sem ávinnslutímabil skv. 1. mgr. 3. gr. fellur innan.

Sé um að ræða launað starf við gæslu barna í heimahúsi telst heilsdagsgæsla eins barns á mánuði nema fjórðungi úr fullu starfi eða 43 vinnustundum á mánuði, sbr. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Leggja skal fram staðfestingu á starfsleyfi og tekjum.

Vinnuframlag maka bónda á búi skal metið sem a.m.k. 50% starfshlutfall bóndans þegar makinn er hvorki formlega skráður sem aðili að búrekstri né starfar utan búins.

5. gr.

Störf á vinnumarkaði annars ríkis sem á aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. 3. gr. skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabils þess, sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings, í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof.

Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í öðru Norðurlandarríki, í öðru EFTA-ríki eða í Færeyjum. Skal foreldri staðfesta það með ráðningarsamningi eða staðfestingu frá skattýfirvöldum um að foreldri hafi skráð starfsemi sína hjá þeim lögum samkvæmt.

Foreldri skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

6. gr.

Leiðrétting á ofgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattýfirvalda eða af öðrum ástæðum skal Vinnumálastofnun senda greiðsluáskorun til foreldris vegna hinnar ofgreidda fjárhæðar ásamt viðbættu 15% álagi. Þegar foreldri telur að því verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar um of háar greiðslur úr sjóðnum til foreldris skal foreldri færa fyrir því skrifleg rök innan fjögurra vikna frá því að greiðsluáskorun sannanlega barst foreldri. Vinnumálastofnun skal taka afstöðu til þess innan fjögurra vikna frá því að rök foreldris bárust stofnuninni hvort þau leiði til þess að fella skuli niður álagið.

Endurgreiði foreldri ekki ofgreiddar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt greiðsluáskorun, sbr. 1. mgr., skal innheimtuaðilum skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, falin innheimtan. Um skuldajöfnun á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt gilda almennar reglur um skuldajöfnuð og reglugerðir um barnabætur og vaxtabætur.

Endurgreiðsla foreldra á ofgreiddum greiðslum ásamt viðbættu álagi samkvæmt ákvæði þessu skulu renna í Fæðingarorlofssjóð.

7. gr.

Leiðrétting á vangreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi foreldri fengið lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattýfirvalda eða samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála skal Vinnumálastofnun greiða þá fjárhæð sem vangreidd var úr Fæðingarorlofssjóði eins og fljótt og unnt er eftir að leiðrétting hefur verið gerð. Skal jafnframt greiða vexti af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma sem féð hefði átt að vera greitt úr Fæðingarorlofssjóði til þess tíma er greiðslan er innt af hendi. Þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falla vextir niður.

III. KAFLI

Lenging á fæðingarorlofi.

8. gr.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Þegar nauðsynlegt er af öryggis- og heilbrigðisástæðum á vinnustað að veita þungaðri konu leyfi frá störfum, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, skal hún eiga rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði þann tíma.

Umsækjandi um fæðingarorlof skv. 1. mgr. skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um leyfið ásamt rökstuðningi vinnuveitanda fyrir ástæðum þess.

Vinnumálastofnun getur óskað eftir því að Vinnueftirlit ríkisins endurskoði ákvörðun vinnuveitanda um leyfisveitingu skv. 1. mgr. Beiðni Vinnumálastofnunar um endurskoðun skal liggja fyrir innan 14 daga frá því

ákvörðun var formlega tilkynnt, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

9. gr.

Veikindi móður á meðgöngu.

Sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar vegna heilsufarsástæðna niður frá þeim tíma.

Með heilsufarsástæðum er hér átt við:

- a. sjúkdóma sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni,
- b. sjúkdóma, tímabundna eða langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni,
- c. fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg. Jafnframt þarf að fylgja staðfesting vinnuveitanda þar sem fram kemur hvenær launagreiðslur féllu niður.

10. gr.

Fjölburaefæðingar.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi.

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslur fer skv. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og reglugerð þessari.

11. gr.

Lengri sjúkrahúsdvöl barns en sjö dagar.

Þurfi barn að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um þann dagafjölda sem barn dvelst á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu. Þó má aldrei lengja fæðingarorlof af þessari ástæðu um meira en fjóra mánuði. Heimild þessi á einnig við þegar barn fæðist fyrir áætlaðan fæðingardag og þarf að dvelja lengur á sjúkrahúsi af þeim sökum.

Upphaf greiðslna skv. 1. mgr. miðast við fæðingardag barns og lok þeirra við fyrstu heimkomu barns eftir fæðingu. Ef um fjölburaefæðingu er að ræða gildir dvalartími þess barns sem lengur/lengst dvelst á sjúkrahúsinu. Ef barn innritast að nýju á sjúkrahús veitir það ekki rétt til frekari framlengingar á greiðslum.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg.

12. gr.

Alvarlegur sjúkleiki barns.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg.

Greiðslur samkvæmt þessu ákvæði geta átt sér stað í framhaldi af allt að fjögurra mánaða framlengingu fæðingarorlofs vegna barns sem dvelur á sjúkrahúsi lengur en fjóra mánuði eða í framhaldi af útskrift, sbr. 11. gr.

13. gr.

Veikindi móður í tengslum við fæðingu.

Heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu, enda sé hún að mati sérfræðilæknis ófær um að annast barn sitt.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni þar um.

IV. KAFLI

Greiðsla fæðingarstyrks.

14. gr.

Tilhögun fæðingarstyrks til foreldra utan vinnumarkaðar.

Foreldrar sem eru utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt föstur að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér.

Greiðsla fæðingarstyrks til foreldris skal innt af hendi eftir á fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Fæðingarstyrkur til foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi skal vera ~~49.702~~ 80.341 kr. á mánuði.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna fæðingar getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir fæðingarmánuði barns og er þá greitt fyrir fæðingarmánuð barns óháð hvaða mánaðardag barn fæddist.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt föstur getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir þeim mánuði er barn kemur inn á heimili eða þeim mánuði sem ferð foreldris/foreldra hefst til að sækja barnið til annars lands.

Foreldri getur ákveðið að greiðslur hefjist síðar en greiðslum þarf að ljúka áður en barnið nær ~~18~~ 36 mánaða aldri er rétturinn vegna fæðingar barns fellur sjálfkrafa niður. Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar og varanlegs fösturs fellur niður ~~18~~ 36 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

Óheimilt er að skipta greiðslutímabili fæðingarstyrks yfir á fleiri en eitt tímabil nema þegar fæðingarstyrkur er greiddur á grundvelli 10. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof.

15. gr.

Tilhögun fæðingarstyrks til foreldra í fullu námi.

Foreldrar sem hafa verið í fullu námi, sbr. c-lið 2. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu barns eða töku barns í varanlegt föstur eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt föstur að uppfylltum skilyrðum 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér.

Greiðsla fæðingarstyrks til foreldris skal innt af hendi eftir á fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Fæðingarstyrkur til foreldra í fullu námi skal vera ~~113.902~~ 184.119 kr. á mánuði.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna fæðingar getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir fæðingarmánuði barns og er þá greitt fyrir fæðingarmánuð barns óháð hvaða mánaðardag barn fæddist.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt föstur getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir þeim mánuði er barn kemur inn á heimili eða þeim mánuði sem ferð foreldris/foreldra hefst til að sækja barnið til annars lands.

Foreldri getur ákveðið að greiðslur hefjist síðar en greiðslum þarf að ljúka áður en barnið nær 18 mánaða aldri er rétturinn vegna fæðingar barns fellur sjálfkrafa niður. Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fösturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

Óheimilt er að skipta greiðslutímabili fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu yfir á fleiri en eitt tímabil.

16. gr.

Undanþága vegna námsloka foreldris.

Heimilt er á grundvelli umsóknar að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og 15. gr. reglugerðar þessarar þótt foreldri fullnægi ekki skilyrði um fullt nám, sbr. c-lið 2. gr., þegar foreldri á eftir minna en sem nemur 75% af námi á síðustu önn í námi og ljóst er að viðkomandi er að ljúka tiltekinni prófgráðu. Skal foreldri jafnframt fullnægja öðrum skilyrðum 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

V. KAFLI

Lenging á greiðslu fæðingarstyrks.

17. gr.

Fjölbura-fæðingar.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi.

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt föstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslu fæðingarstyrks fer skv. 18. eða 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og reglugerð þessari eftir því sem við á.

18. gr.

Lengri sjúkrahúsdvöl barns en sjö dagar.

Þurfi barn að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelst á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu. Þó má aldrei lengja réttinn til fæðingarstyrks af þessari ástæðu um meira en fjóra mánuði. Heimild þessi á einnig við þegar barn fæðist fyrir áætlaðan fæðingardag og þarf að dvelja lengur á sjúkrahúsi af þeim sökum.

Upphaf greiðslu fæðingarstyrks skv. 1. mgr. miðast við fæðingardag barns og lok hennar við fyrstu heimkomu barns eftir fæðingu. Ef um fjölbura-fæðingu er að ræða gildir dvalartími þess barns sem lengur/lengst dvelst á sjúkrahúsinu. Ef barn innritast að nýju á sjúkrahús veitir það ekki rétt til frekari framlengingar á greiðslum.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort framlenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort framlenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg.

19. gr.

Alvarlegur sjúkleiki barns.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort framlenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort framlenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg.

Greiðslur samkvæmt ákvæði þessu geta átt sér stað í framhaldi af allt að fjögurra mánaða framlengingu á rétti til fæðingarstyrks vegna barns sem dvelur á sjúkrahúsi lengur en fjóra mánuði eða í framhaldi af útskrift, sbr. 18. gr.

20. gr.

Veikindi móður í tengslum við fæðingu.

Heimilt er að framlengja rétt móður til fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu, enda sé hún að mati sérfræðilæknis ófær um að annast barn sitt.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort framlenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni um hvort framlenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

21. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sömu fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt föstur og fyrir sama tímabil koma til frádráttar við greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

Hafi foreldri verið búsett erlendis og öðlast þar rétt til greiðslna í tengslum við fæðingu, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt föstur skulu fylgja með umsókn til Vinnumálastofnunar gögn sem staðfesta hvort foreldri muni njóta greiðslna í því ríki vegna sömu fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt föstur. Njóti foreldri greiðslna í öðru ríki skulu jafnframt koma fram fjárhæðir þeirra og greiðslutímabil.

22. gr.

Kæruheimild.

Kæur vegna ágreiningsefna sem kunna að rísa á grundvelli reglugerðar þessarar skulu berast úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála skriflega innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

23. gr.

Eftirlit.

Vinnumálastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar nema annars sé sérstaklega getið.

24. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar geta varðað viðurlögum skv. 31. gr. a laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

25. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. og 11. mgr. 13. gr., 6. mgr. 15. gr., 2. mgr. 15. gr. a, 2. mgr. 15. gr. b, 4. mgr. 17. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. og 10. mgr. 19. gr., 3. mgr. 23. gr. og 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2009 og á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt föstur 1. janúar 2009 eða síðar. Ákvæði 6. mgr. 3. gr., 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr. skulu þó einnig gilda um foreldra barna sem fæddust, voru ættleidd eða voru tekin í varanlegt föstur fyrir 1. janúar 2009 og hafa ekki nýtt rétt sinn að fullu til töku fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, og reglugerðir um breytingu á þeirri reglugerð nr. 1148/2005, 75/2007, 123/2007, 826/2007 og 1264/2007.

~~Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. desember 2008.~~

~~Jóhanna Sigurðardóttir.~~

- Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.